

Samkaup opnar valdar verslanir fyrir eldra fólk og viðkvæma

Samkaup hefur ákveðið að opna tólf verslanir **Nettó** og fimmtán verslanir **Kjörbúðarinnar** eingöngu fyrir þá sem eldri eru, með undirliggjandi sjúkdóma eða viðkvæmir. Verslanirnar, sem eru um land allt, verða opnar frá klukkan 9-10 alla virka daga fyrir þessa tilteknu hópa, frá og með þriðjudeginum 17. mars og á meðan samgöngubann er í gildi. Þetta er gert til að koma til móts við þá hópa sem eru í mestri hættu út af kórónaveirunni, Covid-19.

Ítarlegar verklagsreglur verða viðhafðar í þessum verslunum. Eins og í öllum verslunum Samkaupa, sem eru um 60 talsins, verða allir snertifletir, þar á meðal hurðahúnar, hurðar á kælum og frystum, posar, áhöld við afgreiðslu, handkölfur og innkaupavagnar, sóttthreinsaðir og þessum verslunum verða allir starfsmenn með grímur og einnota hanska við afgreiðslu. Þá hefur þeim tilmælum verið beint til allra starfsmanna sem eru ekki við afgreiðslu að vera ekki í samneyti við viðkvæma einstaklinga.

Samkaup fara þess á leit við viðskiptavinum sína að fylgja fyrirmælum sóttvarnalæknis og halda tveggja metra fjarlægð á milli sín. Þá mælist Samkaup til þess við þessa hópa að reyna eftir fremsta megni að nota snertilausar greiðslur og forðast að nota peninga. Þá hvetur verslunardeilan viðskiptavinum að huga vel að hreinlæti, því fyrst og síðast er handþvottur mikilvægasta sýkingavörnin.

Netverslun að komast í samt lag

Gríðarleg ásókn hefur verið í netverslun Nettó síðustu daga og hafa orðið einhverjar tafir á afhendingu á vörum. Brugðist hefur verið við með því að fjölga starfsfólki og bílstjórum. „Starfsfólk okkar hefur unnið kraftaverk síðustu daga við að koma vörum heim og viðskiptavinir hafa sýnt þessu skilning, enda mikill samhugur hjá þjóðinni núna,“ segir Gunnar Egill Sigurðsson, framkvæmdastjóri verslunarsviðs Nettó. „Frá og með deginum í dag má búast við að afgreiðsla í netversluninni verði með eðlilegum hætti og vörurnar skili sér upp að dyrum á tilsettum tíma.“

Verslanir sem verða opnar sérstaklega fyrir eldri borgara og viðkvæma frá klukkan 9 – 10 á morgnana, frá og með 17. mars.

Verðslanir Nettó:

Nettó Borgarnesi
Nettó Egilsstaðir
Nettó Grindavík
Nettó Hafnarfirði
Nettó Hornafirði
Nettó Hrísalundi
Nettó Húsavík

Verðslanir Kjörbúðarinnar:

Búðardal
Blönduósi
Bolungarvík
Dalvík
Djúpavogi
Eskifirði
Fáskrúðsfirði

Nettó Iðavöllum
Nettó Ísafirði
Nettó Lágmúla
Nettó Salavegi
Nettó Selfossi

Garði
Grundarfirði
Neskaupsstað
Ólafsfirði
Reykjahlíð
Sandgerði
Seyðisfirði
Siglufirði
Skagaströnd
Þórshöfn

**Nánari upplýsingar veitir Gunnar Egill Sigurðsson,
framkvæmdastjóri verslunarsviðs Samkaupa, í síma 893-6239.**